

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um útgáfu á heildstæðum upplýsingabæklingi, lögð fyrir velferðarráð 21. ágúst 2019.

Tillaga Flokks fólksins um að borgin leiti eftir samvinnu við ríkið um að gera sameiginlegan, heildstæðan upplýsingabækling fyrir foreldra fatlaðra barna, fatlaða einstaklinga og eldri borgara þar sem hægt er að lesa um lögbundin réttindi þeirra bæði hjá ríki og borg. Nýlega var viðtal við móður fatlaðs einstaklings sem segir að hún hafi þurft að berjast við kerfið og oft ekki fengið upplýsingar um breytingar á samningum. Vegna skorts á upplýsingum hafi hún því oft ofgreitt þjónustu og það ekki uppgötvast fyrir en löngu síðar. Margir í þessum hópum hafa sömu sögu að segja. Þetta er sérlega erfitt ef breytingar verða í þá átt að niðurgreiðslur verða hærri og einmitt þær upplýsingar komast síðan ekki til skila til þjónustugegans. Þessi móðir nefnir dæmi um að hún hafi greitt 30 þúsund krónur á mánuði í ferðaþjónustu fatlaðra fyrir son sinn en komst síðar að því að hann ætti rétt á nemakorti og ætti að greiða aðeins 20 þúsund krónur á ári. Sumir foreldrar og aðstandendur langveikra eru sjálfir bæði lasnir og þreyttir. Í sameiginlegum bæklingi sem hér er lagt til að borgin eigi samvinnu við ríkið um að gera þá kæmu fram lögbundin réttindi og skyldur ríkis og Reykjavíkurborgar til að tryggja enn frekar að fólk fái réttar upplýsingar um réttindi sín.